

## AUGLÝSING

**um umferð á Hólmavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps hefur verið ákveðið að bannað verði að leggja bifreiðum á Kópnesbraut á Hólmavík frá húsi nr. 1 að gatnamótum við Hafnarbraut og frá húsi nr. 18 við Hafnarbraut að Höfðagötu 14. Bannað er að leggja vöruflutninga- og hópibifreiðum svo og þungavinnuvélum á Borgabraut, Hólmavík og jafnframt er hámarkshraði takmarkaður við 30 km/klst. á Borgabraut.

*Hólmavík, 3. mars 2001.*

Lögreglustjórinn á Hólmavík,

**Bjarni Stefánsson.**